

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sent í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 23. febrúar 2021
Tilvísun: 202102086 / 2.5

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um lögfestingu markmiðs um kolefnishlutleysi

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi) sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 9. febrúar sl. (mál nr. 37/2021).

Skipulagsstofnun fagnar áformum um að lögfesta markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að festa markmiðið um kolefnishlutleysi í sessi sem grundvöll almennrar stefnumótunar og aðgerða stjórnvalda í loftslagsmálum, þ.á m. aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem unnin er á grundvelli laga um loftslagsmál.

Eins og fram kemur í frumvarpsdrögunum er umfangsmikil vinna framundan við að útfæra markmiðið um kolefnishlutleysi og samstillta stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda þvert á málaflokka og stjórnsýslustig. Við þá vinnu er afar mikilvægt að inntak markmiðsins sé skilgreint með skýrum hætti og upplýsingum miðlað á markvissan og nákvæman hátt til stofnana ríkisins, sveitarfélaga, atvinnulífsins og almennings. Frumvarpsdrögin sem nú liggja fyrir eru skref í þá átt en þau mætti þó yfirfara með tilliti til þess að markmiðið um kolefnishlutleysi sé sett í skýrara samhengi við þær aðgerðir sem nú þegar er unnið að í loftslagsmálum og þau stjórnþæki sem beitt er af hinu opinbera.

Í greinargerð mætti til dæmis fjalla nánar um þau áhrif sem markmiðinu er ætlað að hafa á stefnumótun og aðgerðir opinberra aðila sem vinna að loftslagsmálum úr ýmsum áttum, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í kafla 2.4. *Aðgerðir stjórnvalda* er tilefni til að víkja að landsskipulagsstefnu og skipulagsgerð sveitarfélaga, sem eru þýðingarmikil stjórnþæki til að vinna að þeirri umbreytingu á samfélagslegum kerfum og innviðum sem markmiðið um kolefnishlutleysi kallar á. Skipulagsstofnun bendir í þessu samhengi á tillögu stofnunarinnar að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026, sem auglýst var til opinberrar kynningar í nóvember sl. og umhverfis- og auðlindaráðherra fyrirhugar að leggja fram á Alþingi á yfirstandandi þingi. Í tillögunni er m.a. lögð áhersla á að sveitarfélög marki sér stefnu við skipulagsgerð um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.



Hrafnhildur Bragadóttir